

## Til áhugamanna um þróun á sviði mannvirkjagerðar og mannvirkjarekstrar

**Fundarboð á norrænan fund á Grand Hótel Reykjavík föstudag 3. sept. kl. 14-16 og aðalfund Þróunarvettvangs á sviði mannvirkjagerðar kl. 16-17.**

Stjórnir tveggja norrænna hópa munu hittast á Grand Hótel Reykjavík og halda þar stjórnarfundi sína að morgni 3. september næstkomandi. Eftir hádegið verður síðan boðið til norræns fundar um þróun á sviði mannvirkjagerðar og mannvirkjarekstrar.

Norrænu hóparnir tveir eru annarsvegar Nordic Region Construction Technology Platform (NRCTP) og hinsvegar Nordic Facilities Management Network (Nordic FM). Íslenskir aðilar að þessum norrænum hópum eru Þróunarvettvangur á sviði mannvirkjagerðar (Iceland Construction Technology Platform, ICTP) og Fasteignastjórnunarfélag Íslands (FASTI). Nánari upplýsingar um þessa aðila er að finna á [www.brunamal.is/ictp](http://www.brunamal.is/ictp) og [www.fasti.is](http://www.fasti.is).

Ýmsir aðilar hafa unnið að undirbúningi fundarins og eru ræðumenn meðal helstu áhrifamanna hvað varðar þróun á sviði mannvirkjagerðar og mannvirkjarekstrar á Norðurlöndunum. Neðan er dagskrá fundarins, sem haldinn verður á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 3. september kl. 14 – 16. Á fundinn eru boðaðir forsvarsmenn ýmissa samtaka og áhugafólks um þróun og rannsóknir á sviði mannvirkjagerðar og mannvirkjarekstrar og er þeim einnig boðið að taka með sér gesti. Fundurinn fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis. Jafnframt mun aðalfundur ICTP verða haldinn í beinu framhaldi, kl. 16-17 og eru allir velkomnir á þann fund.

Dagskrá:

- 14.00 Opening of the meeting  
Björn Karlsson, ICTP, og Hannes Frímánn Sigurðsson, FASTI
- 14.05 "Ongoing European initiatives in research and innovation"  
Åke Skarendahl, BIC, Sweden
- 14.20 "Sector engagement in European research and innovation"  
Svein Willy Danielsen, SINTEF, Norway
- 14.35 "Summarising the work of the Nordic Region Construction Technology Platform"  
Johan Skarendahl, BIC, Sweden
- 14.45 "Presentation the work of Nordic FM"  
Olav Egil Sæboe, NBEF, Norway
- 15.00 Presentation of the Danish organization DFM  
Ole Emil Malmstrøm, DFM
- 15.10 Presentation of the Norwegian organization NBEF  
Håkon Gissinger, NBEF
- 15.20 Presentation of the Finnish organization FIFMA  
Marita Antikainen, FIFMA
- 15.30 "The economic crash and effects on the Icelandic construction sector"  
Óskar Valdimarsson, Framkvæmdasýsla Ríkisins
- 15.45 Discussion
- 16.00 Coffee and close of the Nordic meeting

Að loknum hinum norræna fundi mun aðalfundur Þróunarvettvangs á sviði mannvirkjagerðar (ICTP) verða haldinn í sama sal. Allir eru velkomnir.